



Fundargerð

Miðvikudaginn 9. mars 2010 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofu félags- og skólaþjónustu á Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Zophonías Ari Lárusson, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson, Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri og Guðjón Ólafsson, fræðslustjóri.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Samningaviðræður við Húnaþing vestra um þjónustu fræðsluskrifstofu
2. Málefni Sæborgar
 - a. Uppsögn á samningi um læknaþjónustu
 - b. Bréf til ráðuneytis vegna dvalarrýma
3. Málefni fatlaðra
 - a. Staða félagsþjónustunnar eftir yfirfærslu málaflokksins
 - b. Tölvukerfi
4. Rekstur 2010
5. Fjárfestingar 2010
6. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga
7. Leigubúðir aldraðra – úthlutun og leiguskilmálar
8. Önnur mál

1. Samningaviðræður við Húnaþing vestra um þjónustu fræðsluskrifstofu
Magnús B. og Guðjón Ó fóru yfir þær forsendur sem hafa helst verið til umræðu milli Húnaþings vestra og fræðsluskrifstofu. Einnig var gerð stutt grein fyrir samningafundi um málið við fulltrúa Húnaþings vestra þar sem möguleikar á enn frekari samþættingu þjónustunnar var til umræðu. Fram kom að unnið er að forsendum samnings en drög að samningi hafa ekki verið lögð fram. Umræður urðu um málið og farið yfir helstu áherslur stjórnarinnar. Ákveðið að halda áfram viðræðum við fulltrúa Húnaþings vestra og Bæjarhrepps um fyrirkomulag og samning

2. Málefni Sæborgar

a) Uppsögn samnings um læknaþjónustu

Fyrir fundinum lá bréf framkvæmdastjóra HSB dags. 22.02.2011, sem segir upp samningi um læknaþjónustu við Sæborg.

Stjórnarmenn lýstu furðu sinni á uppsögninni og samþykktu að óska eftir fundi með fulltrúum HSB þar sem skýringa verði gefnar á málinu.



b) Bréf til velferðarráðuneytis

Fyrir fundinum lá bréf sem framkvæmdastjóri skrifaði vegna kröfu um 3,8 milljóna endurgreiðslu á greiddum daggjöldum 2010. Einnig lá fyrir fundinum svarbréf velferðarráðuneytisins þar sem fallist er á að ekki verði krafist endurgreiðslu en tilkynnt um að dvalarrýmum verði fækkað úr 6 í 5 og ónotuðum dagvistarrýmum fækkað um 2 frá 1. janúar 2011 að telja. Breyting dvalarrýma skerðir rekstrarmöguleika Sæborgar um 3,6 milljónir króna árlega miðað við að öll dvalarrými væru fullnýtt. Bréfin voru rædd og áhrif breytinganna á rekstur Sæborgar.

3. Málefni fatlaðra

a) Staða félagsþjónustunnar eftir yfirfærslu málaflokksins

Félagsmálastjóri lagði fram minnisblað um málið. Þar kom m.a. fram að áætlaðar greiðslur 2011 til málefna fatlaðra á norðurlandi vestra frá jöfnunarsjóði til svæðisins verði 414,6 milljónir króna. Til viðbótar við áætlun þjónustusvæðisins er reiknað með launabótum vegna 2010. Af þessari áætlun að dæma er ekki gert ráð fyrir skerðingum á fjármagni fyrir árið 2011.

b) Skráningarkerfi

Félagsmálastjóri greindi frá því að haldið hafi verið utan um skráningu vegna málefna fatlaðra í tölvukerfinu Grósku en nokkur sveitarfélög á þjónustusvæðinu hafi ákveðið að færa skráninguna í kerfið One System þar sem þau séu hvort sem er með skjala og upplýsingavistun í því kerfi. Því sé óljóst hvort kerfið sé heppilegra að velja en einhver kostnaður muni hljóta af því hvor leiðin sem verði valin. Á fundi þjónustuhóps þann 25. febrúar var ákveðið að ekki yrði keyptur áframhaldandi aðgangur að Grósku fyrir SSNV. Húnaþing vestra hefur ekki tekið ákvörðun um Grósku eða One System. Félags- og skólabjónusta A-Hún þarf að vera í nánara samvinnu við Húnaþing Vestra vegna leikfangasafns, en við hin svæðin. Félagsmálastjóri hefur leitað tilboða hjá One systems og Grósku og á von á frekari upplýsingum um kostnað á næstunni. Fram kom að ekki hafi verið gert ráð fyrir kostnaði sem af þessu hlýst í áætlunum félags- og skólabjónustunnar og ekki hafi verið gert sérstaklega ráð fyrir honum í samningum um þjónustuna.

4. Rekstur 2010

Fyrir fundinum lá útprentun úr bókhaldi þar sem kemur fram hvernig einstakir rekstrarliðir og deildir standa í árslok 2010 og samanburður við áætlun ársins. Fundarmenn yfirfóru og ræddu rekstrarniðurstöður sem að flestu leyti eru í samræmi við áætlun. Framlögð gögn voru til kynningar og ekki gerðar athugasemdir eða bókanir enda ekki um afstemmdar samantektir að ræða.

5. Fjárfestingar 2010

Fyrir fundinum lágu samantektir um fjárfestingar og meiriháttar viðhald eigna á árinu 2010. Heildarkostnaður við fjárfestingar nam um 17,6 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir 18 milljóna fjárfestingum. Fjárfestingar ársins er kostnaður við endurbætur vegna skrifstofu Félags og skólabjónustu, utanhússfrágangur á Hnitbjörgum, endurnýjun pípulagna í Sæborg, og utanhússfrágangur leiguíbúða að Ægisgrund 2-8.



6. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga

Fyrir fundinum lá bréf Lánasjóðs sveitarfélaga sem Með bréfinu óskar lánsjóðurinn eftir heimild til birtingar upplýsinga um stöðu lána byggðasamlagsins hjá lánasjóðnum. Svohljóðandi bókun var gerð:

„Með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaþjónustur veitir stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún Lánasjóði sveitarfélaga heimild til að miðla upplýsingum um lán byggðasamlagsins hjá lánasjóðnum opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn skuldara, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, ársþingareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.“

7. Leiguíbúðir aldraðra – úthlutun og leiguskilmálar

Fyrir fundinum lágu úthlutunarreglur vegna íbúða aldraðra. Félagsmálastjóri hafði gert að tillögu sinni að bætt verði við 7 gr. reglna um úthlutun leiguíbúða fyrir aldraða svohljóðandi grein:

Ef sannarlega er engin regluleg búseta í íbúð og eftirspurn er eftir leiguíbúðum fyrir aldraða, er Félags- og skólaþjónusta A-Hún heimilt að segja upp leigu íbúðarinnar með 3 mánaða fyrirvara.

Stjórn ræddi tillöguna og samþykkti að bæta henni við úthlutunarreglurnar.

8. Önnur mál

Umræður urðu um bréf velferðarráðuneytis dags. 3. janúar 2011 sem sveitarstjórnir með aðild að Félags og skólaþjónustu A-Hún höfðu vísað til stjórnar.

Í bréfinu er fjallað um skyldur félagsþjónusta sveitarfélaga um að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og gerð grein fyrir tekjuviðmiði framfærslu lífeyrisþega og hverjar atvinnuleysisbætur eru.

Með bréfinu beinir velferðarráðherra þeim tilmælum til sveitarstjórna að þær tryggi að einstaklingar hafi að lágmarki sambærilega fjárhæð og atvinnuleysisbætur til framfærslu á mánuði.

Félagsmálastjóri greindi frá því að félagsmálaráð hafi fjallað um bréfið og þar hafi verið ákveðið að fylgja þeirri stefnu sem hafi verið að halda sambærilegri fjárhagsaðstoð og hjá öðrum félagsþjónustum á Norðurlandi vestra.

Stjórn gerði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 15.55

Magnús Sigurðsson,

Zophonías Ari Lárusson,

Vignir Sveinsson,

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson

Guðjón Ólafsson